

TILLÖGUR STJÓRNAR KVÍKU BANKA HF. TIL AÐALFUNDAR ÞANN 26. MARS 2020

1) Ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu (dagskrárliður 2)

Lagt er til að ársreikningur ársins 2019 verði samþykktur eins og hann er lagður fram. Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2020 og að hagnaður ársins 2019 leggist við eigið fé félagsins.

Greinargerð: Vísað er til ársreikningsins varðandi nánari upplýsingar um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Samkvæmt arðgreiðslustefnu síðasta árs var það markmið félagsins að greitt yrði 25% af árlegum hagnaði eftir skatta í arð til hluthafa, þó að teknu tilliti til eiginfjárstöðu og mats á þeim tækifærum sem felast í að endurfjárfesta hagnaði í rekstri og vexti félagsins. Uppfærð arðgreiðslustefna félagsins, sem lögð er fram til kynningar á þessum fundi, kveður enn fremur á um að við framkvæmd arðgreiðslustefnunnar skuli horft til jafns til hefðbundinna arðgreiðslna annars vegar og kaupa félagsins á eigin bréfum samkvæmt endurkaupaáætlun hins vegar. Á árinu 2019 keypti félagið eigin bréf samkvæmt endurkaupaáætlun fyrir 520 m.kr. sem samsvarar um 20% af hagnaði ársins eftir skatta. Á árinu var einnig gengið frá kaupum á GAMMA Capital Management hf. án þess að til hlutafjárukningar kæmi hjá félaginu.

Eiginfjárstaða félagsins er mjög sterk. Eiginfjárhlutfallið er 24,1% á samstæðugrundvelli um áramót, en kröfur eftirlitsaðila um lágmarkseiginfjárhlutfall eru jafnframt háar. Eiginfjárhlutfall er þó umfram slíkar kröfur en nauðsynlegt er að eigið fé sé umfram lágmarks eigið fé, bæði vegna öryggissjónarmiða og til þess að svigrúm sé til að grípa tækifæri sem metin eru arðsöm. Söguleg arðsemi félagsins hefur verið há og afkomuspá gerir ráð fyrir áframhaldandi hárrí arðsemi eiginfjár. Sterk eiginfjárstaða er forsenda fjármögnunar efnahagsreiknings félagsins með tilliti til vaxtarmöguleika og hagstæðra kjara.

Í ljósi þessa leggur stjórn það til að ekki verði greiddur arður vegna ársins 2019. Stjórn leggur fram tillögu undir fjórða dagskrárlið þessa fundar um heimild til kaupa á eigin bréfum. Ef staðan á árinu 2020 leiðir til þess að svigrúm til lækkunar eiginfjár myndast getur stjórn ákveðið að nýta slíka heimild til endurkaupa á eigin bréfum.

2) Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 3)

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt.

Greinargerð: Stjórn Kvíku banka hf. hefur það að markmiði með tillögu að starfskjarastefnu, sem lögð er fyrir aðalfund félagsins, að marka félaginu stefnu um starfskjör sem geri félaginu fært að laða til sín starfsmenn í fremstu röð og tryggja þar með samkeppnishæfni félagsins að teknu tilliti til laga og reglna.

Starfskjarastefnan hefur ekki tekið miklum breytingum frá síðasta ári. Efnislegar breytingar lúta aðallega að kaupaukakerfinu sem er hluti af starfskjarastefnunni. Lagt er til að lækka hámarksfjárhæð kaupaukagreiðslna úr 75 m.kr. í 50 m.kr. auk þess sem lagt er til að umframheimild stjórnar til kaupaukagreiðslna miðist við arðsemi eiginfjár félagsins í stað rekstraráætlunar, en arðsemi eiginfjár er eðlilegra viðmið að mati stjórnar. Uppbygging og efnislegt inntak starfskjarastefnu er að öðru leyti í meginráttum óbreytt frá fyrra ári en vísað er til skýrslu stjórnar um framkvæmd starfskjarastefnu í því samhengi.

3) Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hluti (dagskrárliður 4)

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Aðalfundur Kviku banka hf. haldinn 26. mars 2020 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að; i) koma á formlegri endurkaupaáætlun, ii) gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útbodsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum og/eða iii) auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu, þannig að félagið eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt. Heimild þessi gildir þar til á aðalfundi félagsins árið 2021. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði á Nasdaq Iceland, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

Greinargerð: Stjórn óskar sambærilegrar heimildar til kaupa á eigin bréfum og var veitt til eins árs á síðasta aðalfundi. Á árinu 2019 kom stjórn á fót formlegri endurkaupaáætlun í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti sem leiddi til þess að félagið keypti eigin bréf fyrir 520 m.kr. Fyrirkomulagið hefur gefist vel og leggur stjórn því til að framangreind heimild verði endurnýjuð til eins árs. Stjórn kann jafnframt að nýta heimildina til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útbodsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum, eða til þess að auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Almennt er litið svo á að sambærileg sjónarmið eigi við um kaup félags á eigin bréfum og um ákvörðun arðgreiðslna að teknu tilliti til afkomu félags. Markmiðið með tillögunni er að setja fram með gegnsæjum hætti hvernig bankanum skuli heimilt að ráðstafa fjármunum til hluthafa, m.a. með hliðsjón af arðgreiðslustefnu bankans. Heimild þessi til endurkaupa eigin hluta er háð því að skilyrði laga og reglugerða um endurkaup eins og þau eru á hverjum tíma séu uppfyllt. Þá skal gætt að því að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi veitt samþykki sitt fyrirfram áður en farið verður í endurkaup í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Um formlega endurkaupaáætlun gilda ákvæði laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, og reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Við ákvörðun og framkvæmd endurkaupaáætlunar er farið að ákvæðum þeirra eins og þau eru á hverjum tíma og við framkvæmd hennar skal tryggja gegnsæi slíkra viðskipta með eigin hluti.

Með tillögunni er lagt til að bankanum verði einnig heimilt að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útbodsfyrirkomulagi. Ákveði stjórn að nýta slíka heimild skal það gert í samræmi við ákvæði gildandi laga og aðeins að því marki sem formleg endurkaupaáætlun teljist ekki uppfylla markmið bankans, m.a. um ráðstöfun verðmæta til hluthafa samkvæmt arðgreiðslustefnu. Er lagt til að heimild til endurkaupa verði tímabundin og að hún verði endurskoðuð á næsta aðalfundi bankans. Endanleg fjárhæð endurkaupa mun ráðast af mati stjórnar á hagkvæmustu fjármagnsskipan félagsins á hverjum tíma.

4) Tillaga um lækkingu hlutafjár með niðurfellingu eigin hluta og samsvarandi breyting á samþykktum (dagskrárliður 5)

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi tillögu um lækkingu hlutafjár:

„Aðalfundur Kviku banka hf., haldinn þann 26. mars 2020, samþykkir að lækka hlutafé félagsins um 50.000.000 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 50.000.000 hlutum, úr 2.014.759.097 kr. í 1.964.759.097 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með niðurfellingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga.“

Tillagan felur í sér breytingu á ákvæði gr. 2.1 samþykta félagsins þannig að verði hún samþykkt verður framangreint ákvæði samþykktanna eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutafé félagsins er kr. 1.964.759.097. Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í félaginu.“

Greinargerð: Bankinn á nú 50.000.000 eigin hluti sem keyptir voru samkvæmt formlegri endurkaupaáætlun á árinu 2019. Lagt er til að hlutafé bankans verði lækkað um þá fjárhæð til hagsbóta fyrir hluthafa. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur þegar veitt samþykki sitt fyrir lækkingu hlutafjár með niðurfellingu á eigin hlutum í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Verði tillagan samþykkt lækkar hlutafé bankans úr 2.014.759.097 kr. í 1.964.759.097 kr. að nafnvirði.

5) Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins (dagskrárliður 6)

Lagt er til að til viðbótar við þá breytingu á samþykktum félagsins sem felst í tillögu skv. dagskrárlið 5 að samþykktum félagsins verði jafnframt breytt með eftirfarandi hætti:

a. Heimilisfang

Lagt er til að felld verði út tilvísun í eldra heimilisfang félagsins að Borgartúni 25 í Reykjavík og í stað þess verði ákvæði 1.3 í samþykktum félagsins svohljóðandi:

„Heimili félagsins er í Reykjavík.“

Greinargerð: Samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 er ekki lengur skylda að tilgreina heimilisfang félaga í samþykktum. Lögin kveða þó á um að samþykki hluthafafundar þurfi fyrir breytingum á heimilisfangi félags milli sveitarfélaga. Er því lagt til að tilgreina einungis í samþykktum það sveitarfélag þar sem félagið hefur heimilisfang.

b. Málefni aðalfundar

Lagt er til að felldur verði út einn dagskrárliður sem taka skal fyrir á aðalfundi skv. samþykktum félagsins, þ.e. „samantekt stjórnar um hlutafjáreign og samstæðutengsl“ og að ákvæði 3.3 í samþykktunum verði svohljóðandi:

„Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðið starfsár.*
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram til samþykktar. Samhliða afgreiðslu ársreiknings skal ákveða hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.*
- 3) Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.*
- 4) Starfskjarastefna félagsins.*
- 5) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna.*
- 6) Önnur mál.“*

Greinargerð: Samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 skal stjórn gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau

samstæðutengsl sem hlutafélagið er í. Upplýsingar þessar eru veittar í skýrslu stjórnar og skýringum við ársreikning félagsins og því telur stjórn óþarfi að umrædd samantekt sé tekin fyrir sem sjálfstæður dagskrárliður á aðalfundi.

c. Framlenging heimildar stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda

Lagt er til að ónýtt heimild stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í samþykktum félagsins verði, ásamt samsvarandi heimild til hlutafjárhækkunar, framlengd til eins árs og að bráðabirgðaákvæði II við samþykktirnar verði svohljóðandi:

„Félagsstjórninni er heimilt, fram til aðalfundar félagsins árið 2021, að gefa út áskriftarréttindi að allt að 100.000.000 nýjum hlutum í félaginu. Félagsstjórninni er jafnframt í fimm ár, til 26. mars 2025, heimilt að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun í tengslum við áskrift nýrra hluta á grundvelli áskriftarréttinda sem gefin eru út á grundvelli heimildar skv. þessu bráðabirgðaákvæði II. Félagsstjórnin ákveður hverjir fá rétt til áskriftar að nýjum hlutum en hvorki hluthafar né aðrir njóta forgangsréttar. Félagsstjórnin ákveður söluverð áskriftarréttindanna og nánari skilmála þeirra. Áskriftarréttindi sem gefin eru út samkvæmt heimild þessari skulu seld á gangvirði samkvæmt verðmati frá óháðum sérfróðum aðila.“

Greinargerð: Á síðasta aðalfundi samþykktu hluthafar að veita stjórn heimild til útgáfu áskriftarréttinda að allt að 100.000.000 nýjum hlutum. Heimildin gildi til aðalfundar félagsins árið 2020. Stjórn nýtti á árinu heimildina að hluta og seldi á gangvirði áskriftarréttindi að 46.000.000 nýjum hlutum. Stjórn leggur til að aðalfundur samþykki að framlengja ónýtta heimild samkvæmt bráðabirgðaákvæði II til útgáfu áskriftarréttinda, sem nær til 54.000.000 nýrra hluta, í eitt ár og þá jafnframt að heimild til hlutafjárhækkunar verði framlengd samhliða.

6) Tillaga um kosningu endurskoðenda félagsins (dagskrárliður 8)

Lagt er til að endurskoðunarfyrtækið Deloitte ehf. verði kosið sem endurskoðandi félagsins fyrir árið 2020.

Greinargerð: Stjórn leggur til að núverandi endurskoðendur félagsins verði kjörnir til áframhaldandi starfa. Deloitte ehf. hefur verið endurskoðunarfyrtæki félagsins frá aðalfundi félagsins árið 2016.

7) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar (dagskrárliður 9)

Lagt er til að þóknun stjórnarformanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 900.000,- á mánuði og þóknun annarra stjórnarmanna kr. 450.000,- á mánuði. Þá er lagt til að þóknun varamanna í stjórn verði ákveðin kr. 225.000,- fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal að lágmarki nema kr. 450.000,- á ári. Loks er lagt til að formenn undirnefnda stjórnar fái greiddar kr. 210.000,- á mánuði en aðrir nefndarmenn kr. 160.000,- á mánuði.

Greinargerð: Lagt er til að þóknun stjórnarformanns hækki um kr. 50.000,- á mánuði, þóknun annarra aðalmanna um kr. 25.000,- á mánuði, varamanna um kr. 12.500,- fyrir hvern setinn stjórnarfund og lágmarksgreiðsla varamanns um kr. 25.000,-. Þá er lagt til að þóknun til nefndarmanna í undirnefndum stjórnar hækki um kr. 10.000,- á mánuði.

Stjórn leggur til framangreinda hækkun þóknana milli ára í takt við það sem gert hefur verið undanfarin ár og í samræmi við þóknanir hjá sambærilegum félögum.

Stjórn Kviku banka hf.